Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 23. nóvember 2026
MSS26070075

UMSÖGN

Efni: **Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs vegna fjárhagsáætlunar Almenningssamgangna Höfuðborgarsvæðisins**

Inngangur

Almenningssamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. (hér eftir ASHB) voru stofnaðar þann 1. september 2025. ASHB hefur tekið við rekstri almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Rekstur félagsins er háður framlögum frá ríki og sveitarfélögum, og má sjá áætlaða skiptingu þeirra í töflu 1 hér að neðan:

m.kr.		2026	2027		
	Framlags-hlutdeild	Heildar framlag	Rekstra-framlag	Innviða-framlag	Heildar-framlag
Ríkið	33,0%	2.966	3.195	234	3.429
Reykjavík	40,9%	3.680	3.965	290	4.255
Kópavogur	9,0%	807	870	64	933
Hafnarfjörður	7,0%	626	674	49	723
Garðabær	5,4%	485	522	38	560
Mosfellsbær	3,6%	321	346	25	371
Seltjarnarnes	1,1%	102	110	8	118
	100,0%	8.987	9.682	708	10.390

Tafla 1: Opinber framlög til ASHB 2026 og 2027

Athuga skal að framlagshlutdeild sveitarfélaganna getur tekið breytingum á milli ára, enda byggir hún bæði á íbúafjölda, ásamt eknum kílómetrum innan hvers sveitarfélags. Framlag Reykjavíkurborgar fyrir árið 2027 er áætlað 4.255 m.kr. og rúmast það innan frumvarps að fjárhagsáætlun borgarinnar. Þar sem hlutdeild Reykjavíkurborgar í félaginu

er undir 50% þá telst reksturinn ekki til B-hluta fyrirtækja borgarinnar og er hann því ekki hluti af samstæðureikningsskilum samstæðu Reykjavíkurborgar. Áhrif reksturs ASHB á reikningsskil Reykjavíkurborgar koma því aðeins fram í framlögum sem A-hluti greiðir mánaðarlega til rekstursins.

Yfirfærsla milli Strætó bs. og ASHB miðaðist við 1. október síðastliðinn og liggur nú fyrir endanleg áætlun ASHB fyrir árið 2027, sem verður fyrsta heila starfsár félagsins í nýju rekstrarfyrirkomulagi. Strætó er áfram rekið sérstaklega en ASHB greiðir Strætó fyrir akstur samkvæmt samningi. Auk þess fær Strætó um 300 m.kr. framlag frá sveitarfélögunum vegna afskrifta, fjármagnskostnaðar og afborgana lána. Einnig mun Strætó áfram fá tekjur vegna PANT þjónustu sem helst óbreytt. Áætlað er að ASHB verði búið að bjóða út allan akstur strætisvagna á næstu tveim árum og mun þá Strætó leggjast af í núverandi mynd. Aksturinn er ódýrari í höndum verktaka en hann er hjá Strætó, svo mikilvægt er að það verði ekki seinkun á áætlaðri yfirfærslu aksturs til verktaka.

Rekstur árið 2027

Mynd 1 hér að neðan sýnir núverandi drög að áætlun 2027 samanborið við áætlun 2026:


í m.kr.	2026	2027	(+/-)	%
Framlag sveitarfélaga	6.021	6.961	940	15,6%
Framlag Ríkis	2.966	3.428	463	15,6%
Framlög sveitarfélaga og Ríkis	8.987	10.389	1.402	15,5%
Fargjöld	2.433	2.494	61	2,5%
Aðrar tekjur	428	356	-72	-16,8%
Samtals tekjur	**11.848**	**13.239**	**1.391**	**11,7%**
Akstur Strætó	-4.283	-4.340	-57	1,3%
Akstur verktaka	-6.166	-6.783	-617	10,0%
Þjónustuaukning	0	-185	-185	Nýtt
Tímabundin aukning v/framkv. - Leið 8	0	-168	-168	Nýtt
Rekstrarniðurstaða eftir akstur	**1.399**	**1.764**	**365**	**26,1%**
Laun	-570	-619	-49	
UT innri rekstur	-49	-50	-2	
UT leiðakerfi og þjónusta	-192	-194	-2	
Sölu- og kynningarmál	-64	-64	0	
Skrifstofa	-119	-112	7	
Endastöðvar	-25	-18	7	
Innleiðing og tilfærsla (einskiptis)	-380	0	380	
Hleðsluinnviðir	0	-578	-578	
Gagnavæðing – talningarkerfi	0	-130	-130	
EBITDA	0	0	0	
Nettó fjármagnstekjur	59	59	59	
Rekstrarniðustaða	59	59	59	

Mynd 1: Áætlun ASHB 2026 og 2027

Opinber framlög til reksturs ASHB hækka um 1.402 m.kr. (15,6%) á milli ára samkvæmt áætlun. Skýrist það helst af 708 m.kr. gjaldfærðri fjárfestingu í hleðsluinnviðum og talningarkerfi og 617 m.kr. aukningu í kostnaði við akstur verktaka. Í fyrri áætlunum sem voru lagðar fram árið 2025 voru engar fjárfestingar, en ASHB er skuldbundið til að hrinda í framkvæmd fjárfestingu í hleðsluinnviðum árið 2027. Stöðugildi eru óbreytt á milli áætlana en gert er ráð fyrir kjarasamningsbundinni 3,5% launahækkun frá 1. apríl 2027. Engar fargjaldahækkanir eru í áætlun fyrir árið 2027 og því ekki hætta á því að tekjur verði undir áætlun ef sett verður þak á gjaldskrárhækkanir næsta árs. Hins vegar mun ASHB halda í það verklag að gjaldskrár hækki í samræmi við vísitölu neysluverðs 1. janúar og 1. júlí hvert ár. 10% aukning kostnaðar við akstur verktaka skýrist helst af; mikilli óvissu í þróun verðbólgu, sérstaklega olíuverðs, útlit er fyrir að áætlun Strætó bs. 2026 hafi vanáætlað akstur um 20.000 klukkustundir sem gæti numið 400 m.kr., að auki er áhætta vegna yfirfærslu verkefna, til að mynda vegna reksturs endastöðva. Af framangreindu má ráða að talsverð óvissa sé til staðar í rekstri ASHB fyrir árið 2027.

Framlög 2026 - 2031

Fimm ára áætlun ASHB umfram fjárhagsáætlun 2027, þ.e. 2028-2031, er að mestu byggð á 3,5% verðbólguforsendu og hóflegri aukningu í farþegafjölda. Mynd 2 hér að neðan sýnir áætluð framlög til ASHB frá 2026-2031 miðað við fyrirliggjandi 5 ára áætlun.



Mynd 2: Opinber framlög til ASHB 2026-2031

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir,